



## Erindisbréf vinnuhópur vegna uppbyggingar á skólalóð og við húsnæði Flóaskóla

### 1. Stjórnskipuleg staða:

Vinnuhópurinn heyrir undir sveitarstjórn. Vinnuhópnum er ætlað að vinna að, í samstarfi við sveitarstjórn, þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu við Flóaskóla og að skila tillögum til sveitarstjórnar í lok starfstíma vinnuhóps í samræmi við 3. gr. erindisbréfs.

### 2. Skipun vinnuhóps:

Í vinnuhópnum sitja eftirfarandi fulltrúar:

Oddviti sveitarstjórnar, sveitarstjóri, fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn, skólastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi starfsmanna Flóaskóla, fulltrúi foreldra í skólaráði, tveir fulltrúa nemenda, fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar, fulltrúi íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar, fulltrúi úr vinnuhópnum um Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi. Fulltrúar úr sveitarstjórn hafa seturétt á fundum vinnuhópsins.

Starfstími vinnuhópsins er eitt ár frá skipun hans eða þar til hann hefur skilað af sér tilskildum verkefnum.

Oddviti er formaður vinnuhópsins og stýrir fundum vinnuhóps í samræmi við samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps. Sveitarstjóri ritar fundargerðir og heldur utan um gögn varðandi vinnuhópinn.

### 3. Hlutverk vinnuhóps:

Hlutverk vinnuhóps eru:

- Að vinna að þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu á skólalóð
- Skila tillögum til sveitarstjórnar að uppbyggingu í lok starfstíma vinnuhóps
- Skila tillögu að áfangaskiptri og tímasettri framkvæmdaáætlun í lok starfstíma vinnuhóps
- Að upplýsa sveitarstjórn, að lágmarki á þriggja mánaða fresti, um stöðu verkefnis

### 4. Starfshættir:

Um starfshætti vinnuhópsins fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps og öðrum samþykktum og reglum sem við á.

Vinnuhópurinn kemur saman fyrir luktum dyrum eftir því sem þurfa þykir og hæfir verkefnum hans.

Vinnuhópurinn skal halda utan um fundargerðir og skal í fundargerðum koma fram hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, meginefni og afgreiðslu vinnuhópsins. Fundargerðir skulu sendar á sveitarstjórn til upplýsinga og staðfestingar.



FLÓAHREPPUR

Formaður vinnuhópsins sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum sem seturétt hafa á fundum eða eru boðaðir, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Um sérstakt hæfi fulltrúa í vinnuhópnum og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn.

## 5. Eftirfylgni

Formaður og fulltrúar vinnuhópsins skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni ákvarðana.

*Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 28.03.2023*

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*